

Aukaársfundur Stapa lífeyrissjóðs 22. júní 2017

Fundargerð

Aukaársfundur Stapa var haldinn í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri fimmtudaginn 22. júní 2017 og hófst hann klukkan 13:03. Á fundinn mættu 63 einstaklingar, 48 fulltrúar aðildarfélaga, 9 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum og 6 almennir sjóðfélagar. Huld Aðalbjarnardóttir formaður stjórnar forfallaðist og Ingi Björnsson, framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs, bauð fundargesti velkomna í hennar stað og setti fundinn. Ingi gerði tillögu um Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur sem fundarstjóra og Kristínu Hilmarsdóttur sem fundarritara og var sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um fundarboðunina en engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmætur.

Kynnti fundarstjóri því næst dagskrána sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Breytingar á samþykktum
3. Önnur mál

2. Breytingar á samþykktum

Framkvæmdastjóri Stapa, Ingi Björnsson, fór yfir aðdraganda þeirra breytinga sem verða á lífeyrissjóðskerfinu með kjarasamningi ASÍ og SA frá janúar 2016. Í máli hans kom fram að krafa um samræmingu milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins hafi lengi verið hávær. Viðmið opinbera kerfisins væri að tryggja 76% af meðaltalsmánaðartekjum í lífeyri en viðmið almenna kerfisins hafi verið 56% af meðaltalsmánaðartekjum. Kjarasamningur ASÍ og SA frá janúar 2016 hafði meðal annars það að markmiði að ná þessari samræmingu.

Ingi fór því næst yfir hækkunir á framlagi launagreiðenda skv. samningnum og að þar væri einnig kveðið á um að einstaklingum verði heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi launagreiðenda í bundinn séreignarsparnað í stað samtryggingar. Ljóst hafi verið frá upphafi að þetta ákvæði kallaði á breytingar á lögum og samþykktum lífeyrissjóða. Frumvarpsdrög komu fram í vor en náðist ekki að klára á þingi. Samkomulagi milli ASÍ og SA að líta svo á að samkomulag væri komið og unnið yrði eftir frumvarpinu. Í frumvarpsdrögnum er þessi hækkun nefnd tilgreind séreign.

Einar Ingimundarson, lögmaður Stapa tók því næst við. Hann þakkaði Inga fyrir hans yfirferð og lýsti yfir ánægju með fundarsókn.

Einar fór yfir að í breytingum á samþykktum sjóðsins væru þrjú megin atriði. Stofna þyrfti nýja deild, tilgreinda séreignardeild, setja heimild í samþykktir að sjóðfélagi geti ráðstafað hækkun í tilgreinda séreignardeild og reglur sem gilda um þessa nýju deild.

Einar fór því næst yfir þær samþykktarbreytingar sem lágu fyrir á þessum aukaársfundi. Hann nefndi sérstaklega að viðmiðunarfjárhæð kr. 500.000 sem meðal annars kemur fram í gr. 33.2 er í dag um 1.300.000. Þessi fjárhæð og vísitala er föst á mörgum stöðum í lífeyriskerfinu.

Spurning barst úr sal um hvort hægt væri að ráðstafa hækkuninni í annan lífeyrissjóð eða banka. Einar svaraði því neitandi, það komi skýrt fram að hækkunin verði að renna í sama lífeyrissjóð.

Einnig var spurt úr sal hvers vegna viðmiðunarfjárhæðin í samþykktunum er kr. 500.000 og miðað við gamla vísitölu. Einar sagði þetta tæknilegt atriði, þessi fjárhæð er á mörgum stöðum í lögum og grunnkerfum sjóðanna.

Spurt var úr sal um hver beri ábyrðina á því að kynna þetta vel fyrir sjóðfélögum. Einar svaraði því til að upplýsingar verði birtar á heimasíðu sjóðsins ásamt dæmum en beindi spurningunni til framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri steig í pontu og svaraði því að það sem myndi gerast næst ef breytingar yrðu samþykktar á þessum fundi þá fari þær til umsagnar hjá FME og samþykktar hjá fjármálaráðherra. Það er ekki hægt að vinna eftir samþykktunum fyrr en því ferli er lokið. Stapi verður með upplýsingagjöf á heimasíðunni. Þar verður ítarlegt eyðublað sem byggir á upplýstri ákvörðun sjóðfélaga og gefur lífeyrissjóðnum fyrirmæli um hvort og þá hversu mikið á að fara í tilgreinda séreign. Við munum reyna að hafa þetta eins einfalt og hægt er og erum reiðubúin að koma á fundi hjá stéttarfélögum ef óskað er eftir. Landssamband lífeyrissjóðanna verður einnig með einhverja kynningu. Það er málefni stjórnar sjóðsins að taka ákvörðun um hvernig kynningu verður háttað. Stefnt er að því að setja inn upplýsingar um næstu mánaðamót á heimasíðu sjóðsins.

Aðalsteinn Árni Baldursson, Framsýn steig upp í salnum og þakkaði fyrir upplýsingarnar. Hann telur mikilvægt að kynna þetta mjög vel. Ábyrgð á kynningu liggja bæði hjá lífeyrissjóðum og stéttarfélögum. Hann ræddi einnig um skerðingarákvæði en sagði aðra en lífeyrissjóðina hafa samið þær leikreglur.

Björn Snæbjörnson, Einingu-löju þakkaði fyrir upplýsingarnar og óskaði eftir að fá að stíga í pontu. Hann hóf mál sitt með því að óska Stapa til hamingju með verðlaun vegna ávöxtunar séreignarsparnaðar og taldi mikilvægt að halda á lofti því sem vel er gert. Björn leggur ofuráherslu á að staðið verði vel að kynningum vegna þessara breytinga. Hann telur að senda verði bréf á alla sjóðfélaga og leggur til að haldnir verði kynningarfundir í samráði við stéttarfélagin. Eining-löja er tilbúin að koma að slíku kynningarverkefni. Hann telur að það þurfi að vera til reiknivél svo að fólk geti ákveðið hvað er best að gera. Er hræddur við breytingar úr samtryggingu. Telur einnig nauðsynlegt að ef sjóðfélagi sendi inn eyðublað þá þurfi að senda staðfestingu á viðkomandi að hann hafi valið að fara í séreignina. Hefði viljað hafa það í samþykktum.

Spurning úr sal hvort tilgreind séreign sem er tekin út á bilinu 67-70 ára komi ekki til skerðingar á greiðslum úr almannatryggingakerfinu.

Ingi steig í pontu og svaraði því til að ef þessi hluti er tekin út eftir 67 ára aldur komi til skerðingar líkt og Aðalsteinn Árni hafi benti á. Hann taldi kynningarfundir gott tækifæri og að Stapi muni taka þátt í þeim. Við tökum ábendingum og munum hugleiða kynningarbréfin og staðfestingu til sjóðfélaga. Stjórnarmenn munu taka ákvörðun um það. Reiknivél verður tilbúin fljótlega en ekki hægt að lofa tímasetingu í því.

Að loknum fyrirspurnum bar fundarstjóri upp breytingarnar til samþykktar. Kosið var um breytingar á tveimur núgildandi samþykktum í sitt hvoru lagi og síðan um nýjan D-kafla sem voru samþykktar samhljóða. Loks voru samþykktarbreytingarnar bornar upp í heild sinni og einnig samþykktar samhljóða.

2. Önnur mál

Enginn kveður sér hljóðs.

Fundastjóri bar að lokum upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það.

Að því búnu tók framkvæmdastjóri aftur til máls og þakkaði fundargestum góðan fund. Hann bað stjórnarmenn að sitja eftir til að skrifa undir samþykktir og sagði fundi slitið klukkan 14.00.

Fundarstjóri:

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Fundarritari:

Kristín Hilmarsdóttir